

FUNDARGERÐ

164. stjórnarfundur KRAFT

164. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 8. apríl 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja , Auðunn, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. NÝ STJÓRN

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar eftir kraftlyftingapingið. Hinrik var kosinn formaður á þinginu. Stjórn skipti með sér verkum: Þórunn Brynja varaformaður, Aron Ingi gjaldkeri, Laufey ritari, Auðunn meðstjórnandi, Kristleifur meðstjórnandi og María meðstjórnandi.

3. EFTIR KRAFTLYFTINGAPING

Með vísan í þinggerð Kraftlyftingapings:

Liður 16 - FASTANEFNDIR

Á Kraftlyftingapingi voru formenn fastanefnda kosnir. Nefndir verða skipaðar eftirfarandi:

Dómaranefnd: Alex Cambray Orrason, formaður

Helgi Hauksson

Aron Ingi Gautason

Laufey Agnarsdóttir

Daníel Geir Einarsson

Laganefnd: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, formaður

Sigurjón Pétursson

Mótanefnd: Ellert Björn Ómarsson, formaður

Þórunn Brynja Jónasdóttir

Þorbjörg Matthíasdóttir

Reginn Unason

Landsliðsnefnd: Róbert Kjaran, formaður

Ingimundur Björgvinsson

Hjálmar Andrésen

María Guðsteinsdóttir

Heiðursmerkjanefnd: Gry Ek, formaður
Auðunn Jónsson
Kristleifur Andrésón

Stjórn samþykkti að beina því til nýrra formanna fastanefnda að hafa samband við nýja nefndarmeðlimi.

Liður 17 c. - ÞJÓÐARHÖLL

Tillaga til stjórnar á Kraftlyftingabingi 2024 - Frá Hjalta Árnasyni Kraftlyftingaféagi Mosfellsbæjar: Lagt er til að KRAFT og LSÍ fari að skoða möguleikann á því að fá sameiginlega aðstöðu í nýju þjóðarhöllinni í Laugardal. Erfitt hefur verið að fá aðstöðu til að halda mót og þá sérstaklega fyrir Reykjavíkurfélögin. Fyrir vikið er mjög mikil vinna sem hefur fylgt mótahaldi í tengslum við flutning á lóðum og keppnisgræjum.

Stjórn samþykkti að formaður og varaformaður KRAFT hafi samband við LÍ og forsvarsmenn nýrrar Þjóðarhallar.

Liður 17 e. - MÖNNUN MÓTA

Í reglum KRAFT var tekin út sú regla að KRAFT sekti félög sem senda ekki sjálfboðaliða. Lagt til að sektarákvæði verði tekið aftur. Ef félag sendir 3 keppendur : 1 sjálfboðaliði, fimm keppendur, 2 o.s.frv. Sektin færi til mótshaldara, ekki til KRAFT.

Stjórn samþykkti að vísa málinu til mótanefndar til umræðu.

Liður 17 h. - ALPÞJÓÐADÓMARAR

Lagt til að skoða hvort alþjóðadómarar fái laun til að sinna dómastörfum innanlands, dæmi því á fleiri innanlandsmótum og hækki þannig gæðastaðalinn á innlendum mótum.

Stjórn var sammála um að ekki er ástæða til þessa.

Liður 17 i. - STANGARMENN

Ítrekað mikilvægi þess að haldið verði stangarmannanámskeið og að stangarmenn fái greitt fyrir sína vinnu.

Með nýjum samningi við SBD Ísland munu stangarmenn fá SBD boli. Gæta þarf að mótshaldarar hverju sinni passi upp á að skaffa veitingar fyrir stangarmenn og aðra starfsmenn. Ef einhver önnur umbun er fyrir störf stangarmanna þarf hún að vera skýr hverju sinni og ganga frá henni strax eftir mót. Stjórn er sammála að halda þarf stangarmannanámskeið, einnig skoða ef tækifæri gefst að stangarmenn fái að vinna í hópi með reyndari stangarmönnum á alþjóðlegum mótum.

Stjórn samþykkti að Auðunn skoði hvort Breiðablik (eru reynsluboltar í stangarmennsku) séu til í að halda námskeið, viðkomand fengi frjálssar hendur hvernig skipulag námskeiðs yrði.

Liður 17 j. - VERÐLAUNAGRIPIR

Lagt til að KRAFT sjái um verðlaunagripir en ekki mótshaldari eins og hefur verið. Það er oft nokkuð misræmi milli þeirra.

Stjórn samþykkti að mótanefnd og Lára Bogey frk.stj. skoði.

4. EM Í KLASSÍK

Auðunn íþróttastjóri fór yfir árangur landsliðsfólks á EM í klassík í Króatíu.

Drífa Ríkarðsdóttir -57 kg / 21.sæti

HB 115 kg - BP 82.5 kg - RL 155 kg - Samtals 352.5 kg

Friðbjörn Bragi Hlynsson -83 kg / 13. sæti

HB 260 kg (ÍM) - BP 155 kg - RL 285 kg - Samtals 700 kg

Harrison Asena Kidaha -93 kg / 18. sæti

HB 250 kg - BP 180 kg - RL 282.5 kg - Samtals 712.5 kg

Alexander Örn Kárason -93 kg / 5. sæti

HB 280 kg (ÍM) - BP 187.5 kg - RL 312.5 kg (ÍM) - Samtals 780 kg (ÍM)

Arna Ösp Gunnarsdóttir -69 kg / 18. sæti

HB 155 kg (ÍM) - BP 90 kg - RL 172.5 kg (ÍM) - Samtals 417.5 kg

Viktor Samúelsson -105 kg / 11. sæti

HB 285 kg - BP 192.5 kg - RL 312.5 kg - Samtals 790 kg

Aron Friðrik Georgsson -120 kg / -

HB - kg - BP 180 kg - RL 280 kg

Porbjörg Matthíasdóttir +84 kg / 7. sæti

HB 190 kg - BP 97.5 kg - RL 177.5 kg - Samtals 465 kg

Porsteinn Ægir Óttarsson +120 kg / 5. sæti

HB 315 kg - BP 200 kg - RL 300 kg - Samtals 815 kg

5. EPF ÞINGIÐ

Hinrik formaður sagði frá EPF þinginu sem haldið var í Króatíu. Nokkrir meðlimir NPF hittust fyrir þingið til að stilla strengi.

Vinnuhópur innan NPFog Auðunn fulltrúi KRAFT vinna að útfærslu á þjálfaranámskeiði.

Boðsbréf á Norðurlandamót unglunga er tilbúið. Því miður lítur út fyrir að fáir keppendur eða enginn komi frá Noregi vegna afmælistótahalds heima við.

Á EPF þinginu var tillaga um að aðskilja stjórnarskrá og „by-laws“ sem myndi fela í sér minna vægi þingsins á móti að stjórn fengi mun meiri völd. NPF hafði sammælt um fyrir þingið að samþykkja ekki tillöguna. Auk þess átti að leyfa fjarþing sbr. IPF ársþingið á Möltu. Það sýndi sig hins vegar þá að það virkaði ekki sem skyldi. Gerð var breytingartillaga á þinginu sem komst ekki ekki áfram og

að lokum dró stjórn EPF tillöguna til baka. Upprunaleg tillaga verður útfærð betur áður en hún verður aftur tekin fyrir.

NPF lagði fyrir á þinginu að leyfa EM met á Norðurlandamótinu en sú tillaga var felld.

6. SMÁÞJÓÐALEIKAR

EPF hefur samþykkt að halda smáþjóðaleika í kraftlyftingum. Verið er að ganga frá endanlegri útfærslu en hugmyndin er lauslega sú að hvert land getur sent 8 keppendur af hvoru kyni. Stigakeppni, bæði einstaklings- og liðamót, mót í opnum flokki, svipað og Vestur-Evrópumótið s.s. C mót. Lúxemborg ætlar að halda 2025, mögulega Ísland 2026 og Kýpur 2027. Mótanefnd KRAFT kannar hvort 2026 sé möguleiki. Fyrstu leikarnir verða í Lúxemburg 28. febrúar - 2.mars 2025.

7. HM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Verið er að ganga frá skráningu og manna aðstoðarmenn, þjálfara og dómara.

8. DÓMARAR

Daníel fv. formaður dómarnefndar hefur tekið saman lista yfir dómara sem hafa komið að mótum frá 2021. Lára Bogey mun taka við og halda við gagnagrunni. Þetta hjálpar til við að hafa yfirsýn yfir störf dómara og fjölda móta sem þeir koma að, sérstaklega hjálplegt þegar kemur að tilnefningum í alþjóðadómarann.

Stjórn ræddi um mikilvægi þess að dómara sýni af sér gott fordæmi og noti ekki tóbak (munntóbak eða annað) þegar þeir eru að störfum.

Stjórn samþykkti að Laufey sendi ábendingu á dómarnefnd og fésbókarsíðu dómara KRAFT.

9. ÖNNUR MÁL

Verið er að skoða boli fyrir dómara að nota á mótum. Lára Bogey vinnur í málinu.

10. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

11. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 22.36.